# NÁMSGREIN: SAMFÉLAGSFRÆÐI
# KENNSLUYFIRLIT – 10. BEKKUR

**Kennsluhættir:** Kennt er í 3 kennslustundir á viku með áherslu á leiðsagnarnám, fyrirlestra, innlagnir, ritgerðarsmíð, spurnaraðferð, samræðuaðferð, samvinnuaðferð, vettvangsferð.

**Námsþættir:** Þjóðfélagsfræði út frá grundvallar hugtökum félags-, stjórnmála- og afbrotafræða.

**Námsmat:** Hugtakakort, ritgerð, kynning, veggspjald, rökræður, framsaga, próf.

**Námsgögn:** Á ferð um samfélagið og Ég og samfélagið

| Tímabil | Námsþættir | Leiðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Námsorðaforði |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kennt í lotum.** | Þjóðfélagsfræði út frá grundvallar hugtökum félags-, stjórnmála- og afbrotafræða:<br><br>*Hvað er samfélag?<br><br>*Sinn er siður<br><br>*Félagsmótun<br><br>*Menning og samfélag<br><br>*Fjölskyldan<br><br>*Gaman saman<br><br>*Vinna og framleiðsla<br><br>*Stjórnmál<br><br>*Trúarbrögð<br><br>*Viðmið og frávik | Einstaklingsverkefni sem miða að færni í að rita tiltölulega stutta texta um ákveðin málefni tengd þjóðfélagsfræði, hugtakakort, spurningaverkefni.<br><br>Samvinnuverkefni þar sem hópar nemenda vinna saman verk-, munn- og skrifleg verkefni.<br><br>Stærri samvinnuverkefni þar sem nemendur setja hugmyndir sínar um tiltekið viðfangsefni í æfingarframkvæmd Skapandi skil. | Vinnulag samfélagsgreina:<br>Geta útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.<br>Get spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum.<br>Geta tekið á ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt.<br>Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.<br>Geta vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna.<br>Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.<br>Sjálfsmynd:<br>Geta útskýrt hvernig sjálfsmyndin mótast af menningu, félagslegu | Einstaklingsverkefni<br><br>Samvinnuverkefni<br><br>Kaflapróf<br><br>Áhrifakort<br><br>Ritunarverkefni<br><br>Glósuverkefni<br><br>Greiningarvinna<br><br>Ræðuverkefni<br><br>Skapandi skil<br><br>Vettvangsferð | Umhverfi, náttúra, samfélag, afbrot, félagsmótun, stjórnmál, sjálfsmynd, menning, félagsfræði, mannfræði, stjórnmálafræði, sálfræði, hagfræði, landafræði, kynjafræði, fjölmiðlafræði, þjóðfélag. Sjálfsmynd, barnaþrælkun, manntal, bændasamfélag, menntun, stétt, nýliðun, völd, viðmið, frávik, gildi, yfirstétt, mansal Hnattvæðing, formlegt, óformlegt, taumhald, efnishyggja, hlutverk, staða. Fjölmiðlar, gildishlaðið, heimsmynd, sjálfræðisaldur. Menningarheimur, tungumál, hefðir, |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum.<br>Geti rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska.<br>Geta fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar.<br>Geta gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.<br>Geta gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.<br>Geta beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.<br>Geta þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.<br>Geta borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar.<br>Geta gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.<br>Siðferði og trú:<br>Geta borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.<br>Geta fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.<br>Geta túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.<br>Borgaravitund: | | landslag, þróunarlönd. Trúarbrögð. Efnahagur, matarsóun, neyslusamfélag, kynhlutverk, jafnrétti, uppeldi, hjónaband, kynslóð, kjarnafjölskylda, stórfjölskylda, skilnaður, búskapur. Andlegt ofbeldi, fíkn, kynlíf, ást, ástleysi, umhyggja, fjölkvæni, lausaleiksbarn, ásfanginn, kynheilbrigði, áreitni, misnotkun. Klám, klámvæðing, hjónaband, nauðung, lögskilnaður, skilnaðartíðni, forsjá, starfsævi,vinnumarkaður, verkaskipting, lífslíkur. Fiskimið, ferðaþjónusta, stóriðja, einyrki. Tjáningarfrelsi, lýðræði, lýðræðisríki, þjóðríki, mannréttindi, ríkisvald, framkvæmdarvald, löggjafarvald, dómsvald, skjaldamerki. Fáni, Alþingi, forseti, dómstólar, stjórnvöld, ráðherra, þingmaður, stjórnarskrá, kjörgengi, ríkisborgari, innflytjandi, hælisleitandi, flóttamaður. Stjórnkerfi, stjórnsýsla, fulltrúalýðræði, atkvæðagreiðsla, sveitastjórn, sveitafélag, landsmál, |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Geta útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.<br>Geta útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi.<br>Geta þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmálann Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu.<br>Geta skilið að skatt- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðulegu samhengi.<br>Geta áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra.<br>Jörðin okkar:<br>Geta sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf og lífsskilyrði alls lífs á jörðunni. | | stjórnmálaflokkur, þingræði, kjördæmi. |